

30
7. maí

LÖG

um

þinglýsing skjala og aflýsing.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera afsals- og veðmálabækur með tilheyrandi skrá, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi þinglýsing skjala og sjá um framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sje fyrir mælt sjerstaklega.

3. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing á fram að fara.

4. gr.

Skjali, sem snertir fasteign eða skráningarskylt skip, skal þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin er eða skipið skráð eða óskast skráð.

Skjali um báta, 5—12 smálesta að stærð, skal þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili. Um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafje.

Skjali, sem ekki snertir fasteign eða skip, skal þinglýst þar, sem sá er búsettur, sem tekur á sig skyldur með skjalinu eða rjettur hans er takmarkaður með því.

Öðrum skjölum, sem þinglýsa á, má þinglýsa þar, sem sá óskar, sem afhendir skjal.

Nú snertir skjal bæði fasteign eða skip og mann persónulega, og skal því þá bæði þinglýst á varnarþingi fasteignar eða heimilisstað skips og á varnarþingi aðilja, ef þinghár þessar eru ekki hinar sömu.

5. gr.

Sá sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minsta kosti annað

frumritið eða eftirritið skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksöllum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum. 30
7. maí

6. gr.

Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

7. gr.

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á manntalsþingi, en í Reykjavík á bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem honum hafa borist í þessu skyni síðan síðasta manntalsþing í þeirri þinghá eða síðasta bæjarþing var háð.

Í skrá þessari skal getið, hver sje eigandi skjals, útgefandi þess, tegund og fjárhæð, ef nokkur er, veðsetninga og annars, sem þarf til þess að einkenna skjalið greinilega.

8. gr.

Gildi þinglýsingar telst frá því skjal var afhent dómara. Ef tvö skjöl, sem ekki geta samrýmst, eru afhent samtímis til þinglýsingar, hefir það forgangsriett, sem fyr er dagsett. Ef bæði eru dagsett á sama degi, eru bæði jafnrjetthá.

9. gr.

Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, skal dómari rannsaka, ef um fasteign eða skip er að ræða, hvort útgefandi hefir þinglýsta eignarheimild og hvort áður hefir verið þinglýst nokkuð það, sem fer í bága við eða rýrir gildi hins nýja skjals. Ef brestur er á um þetta, ritar dómari athugasemd um það á bæði eintök skjalsins, áður en hann afhendir annað þeirra.

10. gr.

Þau samrit þinglýsingarskjala, sem ekki eru afhent þeim, er þinglýsingar beiðast, og eftirritin, geymast með embættisskjölum dómara á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki, uns svo mikið er komið, að hæfilegt er í bók. Skulu samritin og eftirritin þá fest eða bundin í skinnband, og eru þær bækur afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmis-

30 ins ásamt þeim, sem þegar eru. Kostnaður af bandi bóka þessara telst
7. maí til skrifstofukostnaðar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um stærð veðmálabóka og annað, sem rætt er um í þessari gr.

11. gr.

Skrár þær, sem getur um í 1. gr., skulu vera skinnbundnar bækur, ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi. Í skráum þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, 5 smálestir eða stærri, að minsta kosti eitt blað, og skal jafnóðum og skjöl eru afhent til þinglýsingar geta þess skjals á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu, þannig að nægilegt sje, þegar veðbókarvottorð eru gefin, að gefa þau eftir því, sem þar er skráð. Ennfremur skal halda skrár eftir stafrófsröð, og skal þar ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti stafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð.

Þangað til fengin er í lögsagnarumdæminu ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum, má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20, 10. nóv. 1907.

Sjerstakar lóðaskrár, skipaskrár og bifreiðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsýnlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skráanna, er í þessari grein getur.

12. gr.

Nú er þinglýsingarskjal ekki að stærð eins og fyrirskipað er, eða ekki þannig ritað, að hægt sje að binda það í bók, eða það er mjög ógreinilegt, eða eintökin ósamhljóða, eða skjalið hefir aðra svo verulega ágalla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og innfestingar í afsals- og veðmálabók, og má þá dómari neita um þinglýsingu, þar til úr er bætt.

13. gr.

Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið í bókinni, að því sje aflýst, og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir. Hann skal einnig strika yfir skjalið, svo að greinilega sjáist, að aflýst er skjalinu, þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar. Skjal það, sem afhent var til aflýsingar, fær dómari aðilja aftur með áritun um, að því sje aflýst og það afmáð úr afsals- og veðmálabókum umdæmisins.

Á næsta manntalsþingi eða bæjarþingi skal lesin upp skrá yfir hin aflýstu brjef, eins og segir í 7. gr. um þinglýsingar.

Um leið og skjal er afmáð úr afsals- og veðmálabók, skal strikað 30
yfir það, sem um skjalið er skráð í skráum þeim, er 11. gr. ræðir um, 7. maí
þó þannig, að engin vandkvæði sjeu á að lesa það síðar.

14. gr.

Nú er veðsett fasteign eða skip selt á nauðungaruppboði eða fengin veðhafa til eignar af skiftaráðanda eða fógeta, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu af því, er fasteignin eða skipið var selt eða látið fyrir, og skal þá afmá úr afsals- og veðmálabókum þau veðbrjef, sem þannig falla úr gildi. Til þess að slík veðbrjef verði máð úr bókunum þarf ekki að afhenda þau dómara, en geta skal hann þess í áritun sinni á brjefið í bókinni, hvers vegna það er afmáð.

15. gr.

Nú hefir þinglýst skjal verið ómerkt með dómi, og má þá afmá það úr afsals- og veðmálabókum eftir reglum 14. gr., ef dómhafi óskar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929, og frá sama tíma falla úr gildi þessi lagaboð:

Dönsku laga 5—3—28 til 30,

Opið brjef 22. apríl 1817, 1. og 2. gr.,

Tilskipun 24. apríl 1833,

Opið brjef 28. apríl 1841,

Lög nr. 16, 16. sept. 1893, 1. gr.,

Lög nr. 20, 16. nóv. 1907, að því leyti sem þau snerta þinglestur, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfriköll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.